



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/468
komudagur 1.12.2006

1.12.2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þingmál 266.

Í frumvarpinu eru lagðar til hækkunar á eftirlitsgjöldum um þriðjung þannig að þau nemi 580 millj. kr. árið 2007. Áætlað er að rekstrarkostnaður hækki enn meira vegna mikillar hækkunar launakostnaðar, fjölgunar starfsmanna og eingreiðslu vegna uppgjörs skuldbindinga við Lífeyrissjóð bankamanna.

Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi við eflingu FME í ljósi vaxandi þýðingar fjármálafyrirtækja í íslensku efnahagslífi og nauðsynjar þess að stofnunin búið yfir mjög hæfu starfsfólki, þannig að fullt traust ríki á starfsemi greinarinnar.

SA vilja þó áréttta fyrri sjónarmið um umrædd lög, að þau telja óeðlilegt að eftirlitsskyldum aðilum sé gert að greiða fyrir stjórnarsýsluþáttinn í starfsemi FME. Samtökin leggja til að löggjafinn breyti lögunum þannig að afdráttarlaust verði kveðið á um að hið opinbera taki á sig fjármögnun á þeim þáttum sem lúta að hreinni stjórnarsýslu og störfum FME í tengslum við laga- og reglusetningu, en eftirlitsskyldir aðilar greiði eftir sem áður fyrir hið raunverulega eftirlit sem FME hefur með höndum.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri